

frjálslyndi kyrkjunum heima, né heldur hafa þær sýnt nokkurn áhuga fyrir verklegri framför“,

„Þýzk-lúthersku prestarnir eru jafnvel enn meir útilokandi í hugsunarhætti sínum en þeir kaþólsku. og í viljaleysi með að bindast nokkuri samvinnu við aðra menn, að hrinda því áleiðis, sem orðið gæti þjóðfélaginu til heilla“,

„Í þýzk-lúthersku kyrkjunni ganga flestar prédikanirnar út á löngu úrelt guðfræðis-spursmál, Sjaldan eða aldrei er daglega lífið umræðuefnið. Siðfræðis kenningar heyrast ekki. En það er keppst við að rekja spor gömlu guðfræðinganna, sem sönnuðu allt með „skrifað stendur“.

Dr. Steiner er og á þeirri skoðun, að fyrir þessa skuld frá-fælist margir kyrkjuna, strax og þeir koma til þessa lands. Menn finna enga svölun í þess háttar kenningum, engar leiðbeiningar, engan styrk. Sýnilega eru þeir engu betri nema oft og tíðum síður til, þeir sem innan safnaðanna standa, og svo verður endirinn sá, að fólk snýr á burt. Þjóðverjar eru að upplaginu til ærlegir og þeir hatast við hræsni og látalæti. En ósjálfrátt verður sú getgátan ofan á, að innan kyrkjunnar sé þéttskipað hræsnurum og trúðurum, er gjöri alvarlegustu mál mannsandans að kaupstaðarinnleggi við markaðsborð sannfæringa prangara, eða þá að einberri heimsku er hneyksli bæði þá háu og lágu. — Margir gjörast því trúarafneitendur og sumir fjandmenn allra kyrkna og kristindóms.

Um Skandinava ferst nefndarálitinu þannig orð, að þeir sé með þeim beztu útlendingum, er flytji til þessa lands, bæði vinnugefnir og skynsamir, næmir fyrir öllum nýjum hugsjónum og mjög í samræmi við Ameríkana sjálfa.

Það segir að þetta sé vitnisburður þeirra hjá Missions umsjónarmönnum og mannfélagsfræðingum landsins:

„Að trúarbrögðum til eru Skandinavarnir að nafninu til lútherskir, en í sannleika tilheyrja þeir engri kyrkjudeild. Þeir eru rannsakandi og spyrjandi, efunargjarnir og einrænir og láta sig litlu skifta hvað ofan á verður. Hin lögboðnu trúarbrögð þeirra er lútherskan, er mjög skammt hefir komist fram úr kaþólskunni, en nú í seinni tíð hefir fríkyrkjuhugmyndin náð töluverðri útbreiðslu í heimalöndunum, einkum á Norðurlöndum.“